

Reykjavík, 5. desember 2017
R17120017

Borgarráð

Erindisbréf - starfshópur um uppbyggingu á lóð við Landspítala

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um uppbyggingu á lóð við Landspítala eru lögð fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um uppbyggingu á lóð við Landspítala ódags.

ERINDISBRÉF

Samráðshópur Reykjavíkurborgar og NLSH ehf. uppbyggingaraðila á Landsspítalareit

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Hlutverk:

Framkvæmdir við uppbyggingu og tengda gatnagerð við nýjan Landspítala hefjast von bráðar. Þetta verða mjög umfangsmiklar framkvæmdir sem munu hafa mikil áhrif á umferð á nærliggjandi svæðum, bæði á framkvæmdatíma og þegar uppbyggingu er lokið.

Af hálfu Reykjavíkurborgar er mikilvægt að allar ákvarðanir og afgreiðslur verði samræmdar og gangi sem hraðast og öruggast fyrir sig. Einnig er mikilvægt að samráði og upplýsingagjöf um verkefnið sé vel sinnt. Til þess að svo megi verða er stofnaður samráðshópur Reykjavíkurborgar og NLSH ehf., fulltrúa uppbyggingaraðila. Fulltrúar uppbyggingaraðila hafa umboð til að ganga til samninga fyrir hönd lóðarhafa og taka ákvarðanir um verkþætti, sem þarf að ráðast í sameiginlega.

Helstu verkefni:

- Halda utan um þegar gerða samninga vegna uppbyggingar á landsspítalareit
- Að tryggja samræmda og skilvirka ákvörðunartöku vegna verkefnisins.
- Að stýra samráði við lóðarhafa um uppbyggingu og ákvörðunartöku á framkvæmdatíma.
- Að tryggja markvissa upplýsingagjöf á verktíma milli hinna ýmsu sviða og deilda Reykjavíkurborgar annars vegar og uppbyggingaraðila hins vegar.
- Að tryggja að áhrif og röskun vegna framkvæmda á umhverfi og daglegt líf borgarbúa verði sem minnst

Samráðshópin skipa:

fulltrúi skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, formaður

fulltrúi, embætti skipulagsfulltrúa

fulltrúi, embætti byggingarfulltrúa

fulltrúi, skrifstofa framkvæmda og viðhalds

fulltrúi, skrifstofa samgöngustjóra

fulltrúi, umhverfis- og skipulagssvið - borgarhönnun,

fulltrúi, skrifstofa reksturs og umhirðu

tveir fulltrúar NLSH ehf., uppbyggingaraðila

Starfsmaður:

Starfsmaður frá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópur starfi til loka framkvæmda við uppbyggingu og gatnagerð við nýjan landspítala.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson